

## Skipulagsstofnun

Sent með tölvupósti á: [skipulagsgatt@skipulagsgatt.is](mailto:skipulagsgatt@skipulagsgatt.is)

Reykjavík, 15.maí 2024

### Efnisvinnsla í sjó úti fyrir Landeyjarhöfn

Stjórn Landverndar vekur athygli á að ekki hafa verið sett sértæk lög eða reglugerðir á Íslandi um útflutning á jarðrænum auðlindum á landi og eða í hafi eins og hér um ræðir. Landvernd hefur áður sent inn athugasemdir við fjölda áforma um stórtæka efnistöku á landi og einnig hafsbotni og þá helst í tengslum við fyrirhugaða Mólunarverksmiðju við Þorlákshöfn. Hér er um efnistöku á hafsbotni að ræða með gríðarlegu inngripi sé horft til áforma.

Ljóst er að mörgum stórum spurningum um umhverfisáhrif af svo stórtækri námuvinnslu á hafsbotni er ósvarað. Því þarf að áliti Landverndar að gera miklu mun víðtækari og faglegri rannsóknir en gert hefur verið nú þegar ásamt því þarf alþingi að setja lög og viðeigandi reglugerðir um þennan iðnað svo hömlulaus áform séu ekki sett á svið án þess að umgjörð liggi fyrir meðal annars um hvort Ísland eigi yfir höfuð að vera með stórtækan útflutning á jarðrænum auðlindum hvort þá heldur er af landi eða hafsbotni. Hafsbotninn og landgrunnið við Ísland er auðlind sem sótt er nú þegar að með margvíslegum hætti og hér er um enn eina utanaðkomandi ásókn að ræða sem þar sem engar forsendur eru til staðar til að veita frekara brautargengi enda mögulega um ófyrirséð óafturkræf umhverfisáhrif að ræða, vegna sérstöðu verkefnisins.

Að gefnu tilefni áréttar Landvernd hér umsögn um matsáætlun vegna sama máls á, sú umsögn stendur óhögguð og á hér við eins og áður.

<https://landvernd.is/utflutningur-efni-af-hafsbotni/>

Landvernd styður ekki fyrirbyggjandi áform um efnisvinnslu í sjó úti fyrir Landeyjarhöfn.

Virðingarfyllt  
F.h. Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður